

## A/F Vaxtabréf hs.

Gengi: 103,26

Skuldabréfasjóður

30. apríl 2024


## Um sjóðinn

A/F Vaxtabréf hs. er sérhæfður sjóður ætlaður almennum fjárfestum, bæði einstaklingum og lögaðilum, sem og fagfjárfestum og hentar þeim sem vilja fjárfesta í dreifðu safni innlendra skuldabréfa. Sjóðurinn hæfir þeim sem hyggjast ávaxta fé sitt í tvö ár eða lengur.

## Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í íslenskum skuldabréfum og víxlum útgefnum af ríkissjóði, sveitarfélögum, opinberum stofnunum, fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum. Að auki hefur sjóðurinn heimild til að fjárfesta í íslenskum innlánnum fjármálafyrirtækja og öðrum peningamarkaðsgerningum.

## Eignasamsetning



## Nánari upplýsingar

Stærð	1405 m.kr.
Meðallíftími	3 ár
Verðtryggingarhlutfall	39%
Fjárfestingartími	Tvö ár eða lengur
Áhættuflokkun	Flokkun 2 af 7
Viðskiptatími	Virkir dagar fyrir kl. 13.
Uppgjörstími	Tveir viðskiptadagar (T+2)
Gengisútreikningur	Daglega
Kostnaður við kaup	Hámark 0,80%
Umsýsluþóknun	0,75%
Annar árlegur kostnaður	Hámark 0,40%
Sjóðstjóri	Valdimar Ármann
Vörsluaðili	T Plús hf.
ISIN númer	IS0000035863

## Fjárfestingarheimildir og eignasamsetning


	Vægi	Staðan
Peningamarkaðsgerningar og innlán fjármálafyrirtækja	0-50%	1%
Skuldabréf og víxlar með ábyrgð ríkissjóðs Íslands	25-100%	32%
Sértryggð skuldabréf útgefn af bönkum	0-50%	38%
Önnur skráð skuldabréf	0-50%	29%
Sveitarfélög og opinberar stofnanir og fyrirtæki	0-30%	5%
Önnur skuldabréf fjármálafyrirtækja	0-30%	15%
Skuldabréf og víxlar fyrirtækja	0-20%	0%

Sjá nánar um fjárfestingarstefnu og heimildir í reglum sjóðsins.

## Stærstu útgefendur

Ríkissjóður Íslands	32%
Landsbankinn hf.	26%
Íslandsbanki hf.	14%
Arion banki hf.	12%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf	9%
Lánasjóður sveitarfélaga	3%
Reykjavíkurborg	2%
Kvika banki hf.	1%
Brim hf.	1%

## Ávöxtun



\* Skuldabréfavisitala (vísitalan) er ríkisskuldabréfavisitala Kauphallar NOMXIBBTA.

## Miðað við: 30.4.2024

	Vaxtabréf	Vísitala*	Vísitala*
1 mánuður	0,29%	0,02%	á ársgrundvelli
3 mánuðir	2,23%	1,35%	
6 mánuðir		5,37%	
1 ár		3,76%	sl. 1 ár 3,76%
Frá stofnun	3,26%	2,42%	sl. 2 ár 1,99%
2023		3,96%	sl. 3 ár 1,53%
2022		-2,89%	sl. 4 ár 1,02%
2021		1,22%	sl. 5 ár 2,87%
2020		6,15%	
2019		9,38%	

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð

## Um A/F Rekstraraðila hf.

A/F Rekstraraðili hf. var stofnaður 2021 og starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Um starfsemina gilda lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020.

A/F Rekstraraðili hf. rekur sérhæfða sjóði sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum. Sjóðirnir eru bæði sjóðir fyrir almenna fjárfesta og fyrir fagfjárfesta.

A/F Rekstraraðili hf. hefur gert samning við T Plús hf. um að vera vörsluaðili sjóða í rekstri.

Nánari upplýsingar um A/F Rekstraraðila má finna á heimasíðu A/F Rekstraraðila hf.

[www.afrekstraradili.is/um-afrekstraradila/](http://www.afrekstraradili.is/um-afrekstraradila/)

## Áhætta

Kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættuþætti sem er að finna í útboðslýsingunni.

Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingu í fjármálagerningum, þ.m.t. hlutdeildarskírteinum sjóðsins, fylgir áhætta. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina lækkað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Bent er á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Nánari upplýsingar um áhættuþætti má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

## Fyrirvari

A/F Vaxtabréf hs. er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og hlutdeildarsjóður sem starfræktur er í samræmi við ákvæði laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einkum IX. og X. kafla þeirra laga. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum A/F Vaxtabréfa hs. er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingar sjóðsins af kostgæfni, sem og reglur hans. Fjárfestingarheimildir sérhæfðra sjóða eru rýmri og geta sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta því verið áhættusamari en verðbréfasjóðir. Fjárfestar verða að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst.

Engin trygging er fyrir því að nokkrar af þeim spám eða fyrirætlunum sem lýst kann að vera gangi eftir. Sérhver yfirlýsing sem vísar til áætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu eða starfsemi, byggir á núverandi upplýsingum og gögnum. Framtíðarspár og fyrirætlanir eru ávallt háðar ýmsum áhættum og óvissuþáttum sem gætu leitt til verulega breyttra niðurstaðna er aftur gæti leitt til umtalsverðra áhrifa á útkomu og fjárhagslega afkomu. Öllum spám og fyrirætlunum ber því að taka með fyrirvara og skal á engan hátt skoða sem loforð um árangur eða ávöxtun.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Áhætta fylgir fjárfestingum í fjármálagerningum þar sem gengi þeirra getur sveiflast, lækkað jafnt sem hækkað. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér vel áhættur tengdum fjármálagerningum sem nálgast má á heimasíðu A/F Rekstraraðila hf.

[www.afrekstraradili.is/upplýsingar/ahaetta/](http://www.afrekstraradili.is/upplýsingar/ahaetta/)

A/F Rekstraraðili hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

[www.afrekstraradili.is](http://www.afrekstraradili.is)  
Sími: 513 33 11

